

# NÁMT1NÁ05

*Búið til: Tue, 03 Oct 2023 14:25:00 GMT*

## Titill

Námstækni

## Skammstöfun

NÁMT1NÁ05

## Útgáfunúmer

4

## Námsgrein

námstækni

## Viðfangsefni

Námstækni

## Staða

Samþykkt af skóla

## Þrep

1

## Einingafjöldi

5

## Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

### Lýsing

Áfanginn miðar að því að nemendur verði læsir á styrkleika sína í námi og kunni að nýta þá. Nemendur eflist sem námsmenn og kynnist ýmsum þáttum sem hafa áhrif á frammistöðu og líðan í námi. Sérstök áhersla er lögð á að efla sjálfstæði nemenda í námi, áhugasvið og að hver nemandi finni eigin leiðir til að ná árangri í náminu og setji sér raunhæf markmið. Nemendur kynnast aðferðum, leiðum og forritum til að styðja við góðar námsaðferðir með það að markmiði að efla þá til sjálfstæðis í námi.

## Forkröfur

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- árangursríkum aðferðum í námi
- að námsvenjur og aðrar lífsvenjur geta haft áhrif á nám
- aðferðum til að setja sér raunhæf markmið í námi sínu
- ýmissi stafrænni tækni sem hægt er að nýta í námi
- styrkleikum og þrautseigju almennt og sérstaklega í námi

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta lífsvenjur sem hafa jákvæð áhrif á árangur í námi
- nýta tækni til að styðja við nám sitt
- efla minni og einbeitingu
- temja sér jákvætt hugarfar og líðan
- setja sér markmið og nýta tímastjórnun
- viðhafa sjálfstæð vinnubrögð
- taka ábyrgð á eigin námi

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skipuleggja námslotur sínar

- nýta námstæknaðferðir og leiðir til að efla færni sína til náms
- leggja mat á stöðu sína og skipuleggja nám sitt í takt við hana
- setja sér raunhæf markmið í námi
- beita viðeigandi stafrænni tækni til hjálpar í námi
- taka ábyrgð á eigin námi með því að nýta skipulag og tímastjórnun

### **Námsmat**

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og er mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

### **Skólar**

### **Fyrirmynd**